

1. ágúst 1975.

715

Nr. 374.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973
með síðari breytingum.

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 990.00 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir:

Rúmmál húss (utanmál)

Heimæðagjald

400— 2000 m ³ kr.	39 300.00 fyrir	400 m ³ og kr. 31.00 pr/m ³ þar yfir.
2000— 6000 m ³ kr.	88 900.00 fyrir	2000 m ³ og kr. 27.00 pr/m ³ þar yfir.
6000—10000 m ³ kr.	196 900.00 fyrir	6000 m ³ og kr. 24.00 pr/m ³ þar yfir.
meira en 10000 m ³ kr.	292 900.00 fyrir	10000 m ³ og kr. 20.00 pr/m ³ þar yfir.

7. gr. orðist þannig:

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1975 (1881 stig). Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða. Breytingar til hækkunar skv. þessari gr. er háð heimild iðnaðarráðuneytisins.

10. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá, er í vanskilum er, kr. 800.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er ákveðin skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1975.

F. h. r.

Arni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.